



Alþingi
Erindi nr. P 143/1830
komudagur 13.5.2014

13.5.2014

Nefndasvið Alþingis.

Hjálagt minnisblað sambandsins fjallar um breytingar á skipulagslögum sem Samband íslenskra sveitarfélaga óskar vinsamlega eftir að umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis taki til skoðunar á milli 2. og 3. umræðu um frumvarp um breytingar á skipulagslögum, 512. mál.

Tekið skal fram að tilefni erindisins er beiðni Akureyrarbæjar um að endurteknar tafir á umsögnum Umhverfisstofnunar um skipulagsáætlanir sveitarfélagsins verði teknar til umfjöllunar á vettvangi sambandsins. Minnisblaðið er síðan byggt á umfjöllun um málið í skipulagsmálanefnd sambandsins í gær. Af hálfu sambandsins hefur því verið kappkostað eins og frekast var unnt að koma málinu á framfæri við umhverfis- og samgöngunefnd áður en afgreiðslu 512. máls væri endanlega lokið á Alþingi.

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga,
Guðjón Bragason

Minnisblað

Móttakandi: Umhverfis- og samgöngunefnd
Alþingis

Dags.: 13. maí 2014

Sendandi: Samband íslenskra sveitarfélaga

Málsnr.: 1404257SA
Málalykill: 401

Efni: Ósk um breytingu á skipulagslögum (frestur umsagnaraðila)

Á fundi skipulagsmálanefndar sambandsins sem haldinn var 12. maí 2014 var lagt fram erindi frá Péttri Bolla Jóhannessyni, skipulagsfulltrúa á Akureyri, um málshraða Umhverfisstofnunar við veitingu umsagna um skipulagsáætlanir. Í erindinu er óskað eftir því að sambandið beiti sér fyrir því að málshraðareglum verði breytt þannig að frestur til að skila inn umsögnum um skipulagsmál verði 6 vikur.

Umfjöllun skipulagsmálanefndar um erindið

Pétur Bolli gerði nánari grein fyrir málinu á fundinum. Fram kom í máli hans að Akureyrarbær veitir umsagnaraðilum ávallt 6 vikna umsagnarfrest vegna skipulagsáætlana. Flestir umsagnaraðilar virða þann frest en Umhverfisstofnun fer hins vegar ítrekað langt fram yfir umsagnarfrest og vísar til eigin viðmiðunarreglna stofnunarinnar um að umsagnir vegna deiliskipulagsáætlana skuli veittar innan 120 daga.

Skipulagsmálanefnd hefur áður fjallað um málshraða Umhverfisstofnunar og lýstu nefndarmenn yfir mikilli óánægju með þann flöskuháls sem skapast hefur vegna afgreiðslutíma stofnunarinnar. Þetta ástand er ólíðandi jafnt fyrir sveitarfélög og hagsmunaaðila, og gengur þvert á þá áherslu sambandsins að stytta eins og frekast er unnt afgreiðslutíma skipulagsáætlana. Sambandið hefur ítrekað lagt til, án árangurs, að sett verði í lög ákvæði um umsagnarfrest, samanber umsagnir sambandsins um frumvarp til náttúruverndarlaga.

Bókað var á fundinum að lögfræðingar sambandsins myndu koma á framfæri ósk um að ákvæði um umsagnarfrest verði bætt inn í frumvarp til breytinga á skipulagslögum, sem nú er til umfjöllunar í umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis. Einnig munu lögfræðingar sambandsins óska sem fyrst eftir fundi með Umhverfisstofnun.

Í ljósi framangreindrar umfjöllunar skipulagsmálanefndar sambandsins fer Samband íslenskra sveitarfélaga þess vinsamlega á leit við umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis að hún skodi, í tengslum við umfjöllun sína um 512. mál, frumvarp til breytinga á skipulagslögum nr. 123/2010, að bætt verði í lög in svohljóðandi ákvæði:

Tillaga að lagabreytingu

Breytingartillögur sambandsins eru eftirfarandi:

Við 1. mgr. 25. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi:

Ekki er skylt að taka tillit til athugasemda sem berast eftir að veittur frestur er liðinn.

Við 1. mgr. 32 gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi:

Ekki er skylt að taka tillit til athugasemda sem berast eftir að veittur frestur er liðinn.

Við 3. mgr. 42 gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi:

Ekki er skylt að taka tillit til athugasemda sem berast eftir að veittur frestur er liðinn.

Að áliti sambandsins er bæði edlilegt og brýnt að breyta skipulagslögum til að ná því markmiði að tryggja edlilegan málshraða við gerð skipulagsáætlana og breytingar á þeim. Þar sem umhverfis- og samgöngunefnd hefur nú til umfjöllunar frumvarp um breytingar á skipulagslögum þykir rétt að kalla eftir breytingum á þeim lögum samhliða afgreiðslu frumvarps sem umhverfis- og samgöngunefnd hefur nú til umfjöllunar. Þótt skammur tími sé til þingloka er um mjög einfaldar breytingartillögur að ræða sem ekki ættu að flækja afgreiðslu nefndarinnar á málinu í heild. Til nánari skýringar skal tekið fram að þessar breytingar á lögnum myndu á engan hátt útiloka að sveitarstjórn geti veitt lengri frest ef umsagnaraðili óskar eftir því og færir fram málefnalegar ástæður, svo sem að mál sé mjög flókið.

Þar sem fram kom við umfjöllun um málið í skipulagsmálanefnd sambandsins að það er nánast eingöngu Umhverfisstofnun sem fer ítrekað fram yfir veittan umsagnarfrest væri þó mögulega nægilegt að breyta náttúruverndarlögum til að ná því markmiði sem að er stefnt. Ljóst er að aðrir umsagnaraðilar telja sig ekki geta tekið sér einhliða umsagnarfrest til sveitarstjórna líkt og Umhverfisstofnun virðist af einhverjum ástæðum telja sér heimilt að gera.

Fram kom við umfjöllun skipulagsmálanefndar um málið að sveitarfélög telja óráðlegt að hunsast umsagnir Umhverfisstofnunar þótt þær komi fram eftir að umsagnarfresti er lokið og mál er því að öðru leyti tilbúið til afgreiðslu í sveitarstjórn. Fyrir liggur að ef mál eru afgreidd við þessar aðstæður án þess að taka tillit til framkominna athugasemda Umhverfisstofnunar má vænta þess að Skipulagsstofnun geri athugasemd við afgreiðslur sveitarstjórna. Hér er því um raunverulegt vandamál að ræða sem leiðir til mikilla og endurtekinna tafa á afgreiðslu skipulagsáætlana og leyfisveitinga sveitarfélaga.

Minnt skal á að við setningu náttúruverndarlaga vakti sambandið ítrekað athygli á þessu vandamáli og kallaði eftir því að sett yrði skýrt ákvæði í 68. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 þar sem kveðið væri á um hámarks umsagnartíma Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda. Þar sem stefnt er að breytingum á þeim lögum áður en þau eiga að taka gildi 1. apríl 2015 óskar sambandið til vara eftir því að þetta erindi verði tekið til vandlegrar skoðunar í þeirri vinnu.

Rétt þykir að lokum að taka fram að óánægja sveitarfélaga með þann mikla drátt sem virðist alltof oft vera á umsögnum um skipulagsáætlanir á sér eflaust þá meginskýringu að stofnunin hefur ekki mannafla og fjárveitingar til þess að sinna öllum þeim verkefnum sem löggjafinn hefur falið henni að sinna. Edlilegt er því að horfa til þess hvort einföldun löggjafar um skipulagsmál, leyfisveitingar og aðra stjórnsýslu sem stofnunin sinnir nú geti hjálpað til þess að leysa þann vanda sem hér hefur verið lýst. Áréttað skal að óþol gagnvart þessu vandamáli er orðið mjög mikið hjá sveitarfélögum og mikilvægt er að tekið verði á því án tafa.

Nánari tilvísanir í ákvæði skipulagslaga

Greinar skipulagslaga sem málið varðar eru þessar:

24. gr. Auglýsing svæðisskipulagstillögu.

Svæðisskipulagsnefnd skal auglýsa tillögu að svæðisskipulagi með áberandi hætti og í Lögbirtingablaðinu. Tillagan skal liggja frammi hjá hlutadeigandi sveitarfélögum og Skipulagsstofnun og auk þess vera aðgengileg á netinu. Í auglýsingu skal tilgreina hvar tillagan er til sýnis og hve lengi og skal sá tími ekki vera skemmri en athugasemdafrestur. Í auglýsingu skal hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna

innan ákveðins frests sem eigi skal vera skemmri en sex vikur frá birtingu auglýsingar. Tekið skal fram í auglýsingu hvert skila skuli athugasemdum.

1. mgr. 25. gr.

Þegar frestur til athugasemda skv. 24. gr. er liðinn skal svæðisskipulagsnefnd fjalla um tillöguna á nýjan leik. Í þeirri umfjöllun skal nefndin taka afstöðu til athugasemda sem borist hafa og þess hvort gera skuli breytingar á tillögunni.

2. mgr. 31. gr. Auglýsing aðalskipulagstillögu

Í auglýsingu skal tilgreina hvar tillagan er til sýnis og hve lengi og skal sá tími ekki vera skemmri en athugasemdafrestur. Í auglýsingu skal hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna innan ákveðins frests sem eigi skal vera skemmri en sex vikur frá birtingu auglýsingar. Tekið skal fram hvert skila skuli athugasemdum.

32. gr. Afgreiðsla og gildistaka aðalskipulags.

Þegar frestur til athugasemda er liðinn skal sveitarstjórn fjalla um tillöguna á nýjan leik. Í þeirri umfjöllun skal taka afstöðu til athugasemda sem borist hafa og þess hvort gera skuli breytingar á tillögunni. Ákveði sveitarstjórn að breyta tillögu að aðalskipulagi í grundvallaratriðum skal hin breytta tillaga auglýst á nýjan leik skv. 31. gr.

41. gr. Auglýsing og samþykkt deiliskipulags.

Þegar sveitarstjórn hefur samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi skal hún auglýst á sama hátt og kveðið er á um varðandi auglýsingu aðalskipulags. Ef deiliskipulagstillaga tekur til svæðis sem liggur að mörkum aðliggjandi sveitarfélags skal tillagan kynnt sveitarstjórn þess sveitarfélags.

Sé tillaga að deiliskipulagi ekki í samræmi við aðalskipulag skal samsvarandi aðalskipulagsbreyting auglýst áður eða samhliða. Að loknum auglýsingartíma getur sveitarstjórn samþykkt breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi samhliða.

Þegar frestur til athugasemda er liðinn skal sveitarstjórn taka tillöguna til umræðu að undangenginni umfjöllun skipulagsnefndar. Í þeirri umfjöllun skal taka afstöðu til athugasemda sem borist hafa og þess hvort gera skuli breytingar á tillögunni. Ef engar athugasemdir eru gerðar við tillöguna er ekki skylt að taka hana aftur til umræðu í sveitarstjórn heldur skal senda hana Skipulagsstofnun. Hafi borist athugasemdir skal niðurstaða sveitarstjórnar auglýst.

GB